

Geðheilbrigði á landsbyggðinni

ÞESSA dagana hefur mikið verið fjallað um geðheilbrigði, þá sérstaklega í sambandi við geðverndardaginn 2. mars síðastliðinn. Það var alveg frábært að fylgjast með öllum greinum sem birtust í sambandi við geðheilbrigði og alla þá einstaklinga sem komu fram í dagsljósið með sín veikindi á geði, svo ég tali nú ekki um alla þá fjárhæð sem safnaðist í sambandi við þennan dag og megí hún nýttast vel.

En það sem ég hjó eftir er að aðallega var talað um geðheilbrigði á höfuðborgarsvæðinu og lítið var far-



Árný Hildur
Árnadóttir

innst inni er hún að hrópa á hjálp, hvað er til ráða? Ef hún er ein heima og hefur engan bíl og enga ættingja í kringum sig, hvað getur hún gert? Hún getur að vísu leitað hjálpar hjá símahjálparþjónustum eins og Rauða krossinum og Vin svo dæmi séu tekin, og hvað tekur við? Hún leitar læknis á höfuðborgarsvæðinu, leggst hugsanlega inn á geðdeild í einhvern tíma, nær sér upp úr þunglyndinu, er útskrifuð,

fer aftur út á land þar sem að hún á heima, og við tekur ekki neitt. Það verður að vera til einhverskonar geðhjálpar á landsbyggðinni og mætti nýta eitthvað af þeim peningum sem söfnuðust hinn 2. mars síðastliðinn til að gera eitthvað í því. Því að við sem erum geðsjúk og búum á landsbyggðinni þurfum eftirmeðferð og getum ekki alltaf leitað til höfuðborgarsvæðisins.

Geðheilbrigði

Það verður að vera til, segir Árný Hildur Árnadóttir, einhverskonar geðhjálpar á landsbyggðinni.

ið út á landsbyggðina. Þeir sem eiga við geðvandamál að stríða á höfuðborgarsvæðinu geta auðveldlega leitað til bráðamóttöku geðdeildar Landspítalans eða þá farið niður á Túngötu 7 eða í Geysishúsið, kynnst þar öðru fólki með sameiginleg vandamál og notið dagsins án þess að lifa í sálarkvöl.

Nú bý ég í Reykjanesbæ og hef átt við geðræn vandamál að stríða, hvert hef ég getað leitað? Svarið er einfalt, ég þarf að fara til Reykjavíkur, þó svo að Reykjanesbær sé um 15.000 manna bæjarfélag er ekki einu sinni geðlæknir á staðnum, hvorki á heilsugæslustöðinni né með einkastofu.

Segjum sem svo að manneskja á landsbyggðinni liggi mikið þunglynd heima hjá sér í algjöru vonleysi en

Höfundur er öryrki.